

Innviðaráðuneytið
Ásta Þorleifsdóttir
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2023
UST202303-366/R.K.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – hvítbók um samgöngumál 2024-2038. Umsögn

Vísað er til erindis innviðaráðuneytis dags. 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um Hvítbók um samgöngumál.

Helstu vegir landsins eru á löngum köflum vegir sem byggðir voru með allt aðra umferð í huga en nú er. Auknar kröfur um öruggar samgöngur allt árið í kring setja líka mörg mál á dagskrá. Nú þegar hefur verið hafist handa við að bæta úr ákveðnum vegköflum en ljóst er að fjölmargir vegir þurfa aukna uppbyggingu, viðhald og eftir atvikum tilfærslur á veglínunum.

Vegakerfið á Íslandi er byggt upp að mestu leiti við aðrar kröfur og staðla í vegagerð en tíðkast í dag. Mikil frampróun og tækninýjungar og aukin vitneskja um gerð vega er augljós þegar nýjar viðhaldsframkvæmdir eru bornar saman við eldri framkvæmdir. Ljóst er að ekki er allsstaðar hægt að nýta eldri vegi til uppbyggingar á nýjum vegum og erfitt getur verið að halda vegum opnum, nema með hjáleiðum á meðan á framkvæmdum stendur. Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar til framkvæmda kemur. Stofnunin bendir á að styrking nýrri vega getur ekki alltaf verið á grunni eldri vega, þar sem grunnur eldri vega getur verið orðinn lélegur. Þetta getur einnig leitt til þess að flytja þurfi efni í vegina langar vegalengdir þar sem aðgengi að námum til efnistöku á efni sem fyllir núverandi gæðakröfur er ekki alltaf jafn dreift um landið. Auk þess gæti orðið flókið að nýta núverandi vegstæði þar sem víða eru hindranir t.d. vegskurðir, jarðstrengir o.fl. Stundum getur verið betra að velja ný vegstæði sem liggja betur í landi og oft nærri efni en núverandi vegir.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á þá valkosti sem settir eru í Samgönguáætlun og eru taldir hafa mjög neikvæð áhrif á umhverfið. Þar má t.d. nefna uppbyggingu Hringvegarins um Mýrdal og göng í gegnum Reynisfjall. Í valkostagreiningu í aðalskipulagi sveitarfélagsins, er það sá valkostur sem kemur til með að valda mestu umhverfisáhrifum. Um leið og ákveðin framkvæmd er komin inn í Samgönguáætlun dregur það úr vægi annarra mögulegra valkosta við uppbygging á þessum tiltekna vegkafla. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að ákvörðun um endanlegt leiðarval í vegagerð eigi í öllum tilvikum að taka mið af niðurstöðu í mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.

Bætt ástand hálendisvega t.d Kjalvegjar og Sprengisandsleiðar er ekki talin valda neikvæðum umhverfisáhrifum á meðan á framkvæmdum stendur. Hinsvegjar mun aukinn akstur um þessa vegi, þá sérstaklega á vorin og haustin þegar mikil bráðnun og samhliða henni bleyta er á svæðinu valda auknu álagi á þau svæði sem vegirnir veita aðgengi að.

Í áætluninni eru mörg jarðgöng og nýir vegkaflar, ýmist á nýjum eða núverandi veglínunum. Mikilvægt er að fram fari mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda áður en í þær er ráðist og valdir verði þeir valkostir sem lágmarka eins og hægt er neikvæð áhrif á umhverfið við slíkar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun telur að endurbygging vegakerfisins muni verða stórt umhverfismál sem muni hafa mikil áhrif víða um land.

Virðingarfyllst

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri